

Fjarðabyggð  
Búðareyri 7  
730 REYÐARFJÖRÐUR

Garðabær, 14. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202310-0012  
SS

### Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar í gegnum Skipulagsgátt, dags. 5. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á skipulagsákvæðum í aðalskipulagi sem varða skógrækt á landbúnaðarsvæðum og á skógræktar- og landgræðslusvæðum.

Breytingin felur í sér það að skógræktaráform umfram 50 ha munu kalla á aðalskipulagsbreytingu en í núgildandi ákvæðum er miðað við 200 ha.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 1. júní 2023. Er vísað í álit stofnunarinnar um breytinguna í þeirri umsögn en það var eftirfarandi: „Náttúrufræðistofnun telur þessa breytingu vera til bóta enda 50-200 hektara landsvæði töluvert stór og þær breytingar á landslagi og náttúrufari sem verða við skógrækt geta því verið umtalsverðar á svæðum af þeim toga. Með þessari breytingu á aðalskipulagsskilmálum verður tryggt að skógræktaráform á 50 til 200 hektara svæðum muni fá umfjöllun og rýni m.a. með tilliti til umhverfisáhrifa s.s. áhrifa á fuglalíf, gróðurfar, jarðminjar, landslag o.fl. sem að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt”

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Starfsheiti

